

Join Motion Pictures
B.t. Emil Örn Moravek Jóhannsson
Lindarbrekku 2
276 Mosfellsbær

Reykjavík 10. ágúst 2018
UST201807-194/I.M.B.
09.08.02

Efni: Umsókn um leyfi til utanvega aksturs - Oddsskarð

Umhverfisstofnun hefur móttakið umsókn Join Motion Pictures ehf., um leyfi til utanvega aksturs í Oddsskarði dagana 13. ágúst til 3. september 2018, vegna kvikmyndagerðar.

Heimilt er, ef nauðsyn krefur og með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar, að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna starfa við viðhald skála og neyðarskýla og vegna kvikmyndagerðar, enda sé ekki unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt sbr. 2. mgr. 31. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til utanvega aksturs við krappa beygju á veginum um Oddsskarð á tímabilinu 13. ágúst -3. september 2018. Sex tökudagar eru áætlaðir í heildarverkefnið en þar sem það er háð veðri er sótt um rýmri tímaramma. Áætluð lengd utanvega aksturs er um 25-30 m við hlið vegar. 25-30 manns munu koma að verkefninu.

Ökutæki ekur útaf veginum og mun vinnuvél ná ökutækinu aftur inn á veginn til að lágmarka áhrif af akstrinum. Vinnuvélin verður staðsett á veginum. Gera þarf ramp (5m lengd, 3. Breidd) fyrir ökutækið við veginn og munu vörubíll og grafa koma að því verki og reynt verður að vinna það eingöngu af veginum. Rampurinn verður gerður úr aðfluttu efni og hefur það hlutverk að hægja á ökutækinu við aksturinn þar sem efsta lagið verður sandur. Kort, myndir og skýringar fylgja umsókninni.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að umrætt verkefni eins og lýst er í umsókn muni hafa tímabundin neikvæð áhrif á gróður á svæðinu. Viðbúið er að rask hljótist af framkvæmdinni og er það að nokkru leiti háð verktilhögun framkvæmdaraðila á hve löngum tíma gróður á svæðinu muni jafna sig.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir utanvega akstri við Oddsskarðsveg vegna kvikmyndatöku að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Vinsamlega hafðu þetta bréf meðferðis á meðan verkefninu stendur.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.

- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnuna með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðru leyti eins fljótt og auðið er.
- Allur akstur utan vega er bannaður annar en þetta leyfi nær til.
- Setja skal jarðvegsdúk undir rampinn.
- Þess skal gætt að það efni sem notað verður í rampinn beri ekki með sér fræ ágengra framandi tegunda, s.s. lúpínu og kerfil.
- Þess skal gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan vega að verkefni loknu.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allt rusl verði fjarlæggt.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir framkvæmdinni hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu sem og lögreglu.


Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um akstur utan vega er kr. 39.400- sbr. 24. gr. a. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Sigrún Agústs dóttir
Sviðsstjóri



Jón Smári Jónsson
Sérfræðingur

Afrit sent:
Fjarðabyggð